Hraunvallaskóli

VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

Dags: 14.11. 2014. Fundur haldinn í fundarherbergi skólans frá kl. 14.00-15.30

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Guðrún Sturlaugsdóttir (fjarveranda), Tómas Gísli Guðjónsson, Hilmar A Sigurðsson (fjarverandi) , Reynir Þór Magnússon, Jóhanna Inga Hjartardóttir, Aníta Ómarsdóttir, Guðbjörg Norðfjörð, Alexander og Kiddi. Davíð Jónsson starfsmaður Mosans sat einnig fundinn.

Dagskrá

1. **Félagsstarfið í vetur**
   a) Davíð Jónsson, starfsmaður Mosans, kom á fund og sagði frá félagsstarfinu í vetur. Fram kom að nemendur eru mjög duglegir að mæta í Mosann og má það m.a. þakka góðu starfsfólki, fjölbreyttri dagskrá og áhugasömum krökkum. Greinilegt að gott starf er unnið í Mosanum. Lagt er upp með að kynna starfið betur fyrir foreldrum.
2. **Ferðatími í íþróttir og sund í unglingadeild**
   a) Jóhann Skagfjörð, deildarstjóri 6.-10. bekkja, kom á fund og sagði frá af hverju skörun á sér stað milli bóklegra greina og íþróttakennslu hjá nokkrum bekkjum í unglingadeild. Skýringin er einfaldalega sú að okkur vantar fleiri tíma á Ásvöllum. Við úthlutun á íþróttatímum var ekki tekið tillit til þarfa Hraunvallaskóla þrátt fyrir að sérstaklega hafi verið farið yfir þær með íþróttafulltrúa fyrr í vetur. Mikilvægt er að fylgja þessu eftir í febrúar og mars svo sama staða komi ekki upp aftur á næsta ári.
3. **Fléttuvellir – Staðan á framkvæmdum**
   a) Framkvæmdir ganga vel og lagt er upp með að afhenda byggingar um 27. nóvember nk. Spurt var út í eldvarnir en Lars mun koma ábendingu fulltrúa skólaráðs áfram til Erlends Árna hjá skipulagssviði.
4. **Viðhald á skólahúsnæði**
   a) Fyrirhugað er að fara í markvissar viðhaldsaðgerðir til að stöðva leka í húsinu. Verktaki hefur fengið lokafrest til að bregðst við og koma með úrbætur.
5. **Skólanámskrá – Almennur hluti**
   a) Skólastjóri útskýrði að tvær áætlanir vantaði í almenna hluta skólanámskrár (starfsáætlun 2014-15) þegar skólaráð staðfesti umfjöllun fyrr í vetur. Farið verður yfir þær áætlanir á næsta fundi en þetta eru Símenntunaráætlun og Þróunar, mats og umbótaáætlun.
6. Önnur mál
   a) Spurt um stöðuna á þráðlausu neti. Skólastjóri fór lauslega yfir það og sagði frá reglum sem gilda fyrir þráðlausa netið.
   b) Rætt lauslega um grein í Fréttablaðinu sem fjallaði um skólareglur.
   c) Fulltrúi Mosans minnti á foreldraröltið og spurði út í aðkomu Mosans að íþróttahúsinu.

Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland